

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar.

1. gr.

Heimili og varnarþing.

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing hennar er í Hafnarfirði. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögðaðilum.

2. gr.

Stofnaðilar.

Stofnendur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar eru: Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, Sjúkraþjálfarinn ehf., kt. 510191-1539, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, kt. 700672-0939 og Verkalýðsfélagið Hlíf, kt. 620169-3319 sem því til staðfestu undirrita skipulagsskrá þessa.

Fjárhagslegar skuldbindingar Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar eru stofnendum óvið-komandi umfram stofnframlag.

Stofnfé Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar er kr. 1.100.000 þar af óskerðanlegt stofnfé kr. 1.000.000 að raungildi. Framlag skiptist þannig milli stofnfélaga: kr. 400.000 lagt fram af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, kr. 400.000 af hálfu Verkalýðsfelagsins Hlífar, kr. 200.000 af hálfu Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og kr. 100.000 af hálfu Sjúkraþjálfarans ehf.

3. gr.

Markmið.

Markmið Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar er eftirfarandi:

Að endurhæfa þáttakendur út í vinnu.

Að auka lífsgæði þáttakanda.

Að auka lífsgæði fjölskyldu hans.

Að þáttakandi fari í atvinnu að endurhæfingu lokinni og/eða í áframhaldi nám.

Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

Boðið verður upp á heildstæða úrlausn á vanda hvers þáttakanda eins og kostur er á. Verður boðið upp á námstengda endurhæfingu í samvinnu við menntastofnanir á svæðinu auk þess sem náið samstarf verður við atvinnulífið. Þáttakandinn er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar.

4. gr.

Stjórn.

Stjórn Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar er kosin á ársfundi og er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Þeir eru tilnefndir af stofnendum. Stjórnin er kosin til tveggja ára, þó þannig að tveir fullrúar eru kosnir annað árið og þrír hitt árið. Á fyrsta ársfundi skulu kosnir tveir stjórnarmenn til eins árs og þrír til tveggja ára. Stjórn skiptir með sér verkum. Formður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum. Forstöðumaður situr að jafnaði stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Starfshættir stjórnar.

Stjórn Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögum stofnunarinnar og setur sér og miðstöðinni starfsreglur. Boða skal stjórnarfundi með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks málს ef málefnið varðar hann persónulega.

6. gr.

Ársfundur.

Stjórnin skal kalla stofnaðila saman til ársfundar eigi síðar en í aprílokk ár hvert. Þar skal stjórn Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar gera grein fyrir starfi hennar og leggja fram endurskoðaða ársreikninga til samþykkta. Þar skal einnig fara fram kosning stjórnarfulltrúa og löggilt endurskoðanda. Á ársfundi hefur hver stjórnarmaður eitt atkvæði og gildir einfaldur meirihluti nema varðandi breytingar á skipulagsskrá, samanber 11. gr. Ársfund skal boða skriflega með viku fyrirvara. Tillagna um breytingar á skipulagsskrá Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar skal getið sérstaklega í fundarboði.

7. gr.

Forstöðumaður.

Stjórn Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar ræður forstöðumann og setur honum erindisbréf. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Hann annast daglegan rekstur, ræður starfsfólk stofnunarinnar, vinnur að fjárlögn og annast reikningsskil. Forstöðumaður undirbýr fjárhagsáætlun næsta starfsárs, sem skal lögð fyrir stjórnina í nóvember ár hvert.

8. gr.

Tekjur.

Tekjur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar, auk vaxta af stofnframlagi, eru frjáls framlög frá ríki, sveitarfélögum, samtökum, fyrirtækjum og einstaklingum og tekjur af þjónustu.

9. gr.

Samstarf við aðra aðila.

Til þess að Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar geti náð meginþætti sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd miðstöðvarinnar að eiga samstarf við aðra og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmrí tíma.

10. gr.

Reikningsskil og endurskoðun.

Reikningsár Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Forstöðumaður skal eigi síðar en í lok febrúarmáðar leggja fram eftirtalin gögn fyrir stjórn miðstöðvarinnar til afgreiðslu:

Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.

Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem valinn er af stjórn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

Nr. 1008

17. október 2008

11. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef 2/3 stjórnarmanna á ársfundi samþykkja slíkar breytingar enda sé fundur lögmætur og tillaga um slikt hafi verið kynnt sérstaklega í fundarboði.

12. gr.

Slit á Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar.

Starfsemi Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar verður slitið með ákvörðun 2/3 stjórnarmanna á ársfundi. Verði starfsemi Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar hætt og starfsendurhæfingin lögð niður skal eignum hennar ráðstafað í samræmi við markmið stofnunarinnar.

13. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Fyrsta reikningstímabil er frá 1. september 2008 til 31. desember 2008.

14. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari, sem og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 17. október 2008.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. nóvember 2008